



## Sjálfbærnistefna- og áætlun Friðheima ehf.

Stefna fyrirtækisins er að framleiðsla og þjónusta uppfylli ávallt væntingar viðskiptavina og að fyrirtækið skili ávallt umsömdum gæðum á þeim tíma sem um er samið og viðhaldi góðum tengslum. Við vinnum eftir gæðakerfinu Vakanum sem og gæðahandbók garðyrkjunnar, þar sem allir starfsmenn taka virkan þátt í að vinna stöðugt að umbótum gæðakerfisins.

Við vitum að öll fyrirtæki hafa áhrif á umhverfi og samfélag með starfsemi sinni. Okkar fyrirtæki er engin undantekning og því viljum við í Friðheimum bjóða upp á umhverfis- og félagslega ábyrga þjónustu fyrir gesti okkar. Einnig viljum við vera gott fordæmi fyrir starfsfélaga okkar innan ferðaþjónustunnar með því að axla ábyrgð og stuðla að sjálfbærum atvinnurekstri.

Af þessu tilefni hefur Friðheimar skrifað undir viljayfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu sem Íslenski ferðaklasinn og FESTA (miðstöð um samfélagsábyrgð) bera ábyrgð á. Einnig er Friðheimar með vottun Vakans en það er gæða og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar.

Þau markmið sem við höfum sett okkur um ábyrga ferðaþjónustu eru eftirfarandi:

### **Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi**

- Beturbæta þjálfunarplan fyrir starfsfólk okkar
- Setjum okkur gildi og vinnum eftir þeim
- Setjum upp viðbragðsáætlun og þjálfum starfsfólk okkar í fyrstu hjálp og viðhöldum þeirri þjálfun á 2ja ára fresti

## Virða réttindi starfsfólks (bæta við jafnréttismálum og jafnlaunastaðfestingu)

- Betrumbæta árleg starfsmannaviðtöl
- Betrumbæta þjálfunarferli nýrra starfsmanna
- Vinna með Fairtrade hugsun „sanngjörn viðskipti að leiðarljósi í okkar innkaupum og framleiðslu

## Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið

- Versla í og nota hráefni úr nærumhverfi og heimahéraði
- Styrkja fjáraflanir í nærsamfélaginu
- Taka allt það fjármagn sem safnast sem þjófé árlega og afhenda góðgerðarmálefni sem starfsmenn velja sameiginlega
- Benda gestum okkar á fleiri áhugaverða staði í nágrenninu til að auka líkur á því að fólk stoppi lengur á svæðinu
- Halda uppi sögu ylræktar á Íslandi með upplýsingavegg

## Ganga vel um og virða náttúruna

- Flokka sorp eins og best verður á kosið
- Nota umhverfisvænar vörur þegar mögulegt er
- Betrumbæta pakkningar og færa okkur í eins umhverfisvænt og möguleiki er á án þess að skerða gæði matvörunnar
- Skoða þátttöku í verkefninu Kolviður en það byggist á að kolefnisjafna fyrirtækið með plöntun trjáa
- Stuðla að pappírslausum viðskiptum eftir fremsta magni

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Friðheimar leggja áherslu á fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni:



## Umhverfis- og loftslagsmál

Friðheimar leggja sig fram við að draga úr áhrifum á umhverfið og innleiða aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem veldur hlýnun jarðar. Friðheimar ásetja sér að ná því með stunda mælingar á umhverfisáhrifum fyrirtækisins og setja sér metnaðarfull og tímasett en á sama tíma raunhæf markmið og aðgerðir sömuleiðis til að ná þeim markmiðum. Heimsmarkmið 12 og 13 eiga hér aðallega við um þennan flokk.

Friðheimar ásetja sér eftirfarandi markmið um samdrátt í heildarlosun frá rekstri fyrirtækisins mv. árið 2023.

- Markmið um 55% samdrátt í útblæstri fyrir árið 2030 (mv. Árið 2023)
- Markmið um kolefnishlutleysi árið 2040.

Friðheimar munu mæla umfang 1, 2 og 3 eða þess. heildarlosun fyrirtækisins bæði beint og óbeint.

Friðheimar setja sér einnig markmið um að ná silfurmerki í umhverfisvottun Vakans árið 2024 og gullmerki árið 2025.

Hvað ætlum við að gera?

- Fara eftir aðgerðaráætlun í umhverfis- og loftslagsmálum til að ná markmiðum um samdrátt
- Uppfæra árlega aðgerðaráætlun í samráði við Klappir og aðra fagaðila
- Kolefnisjafna losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 og 2, með vottuðum kolefniseiningum (Kolefnisjöfnun telst ekki með sem samdráttur í losun)
- Markmið um endurvinnsluhlutfall er 90% árið 2030
- Gefa út sjálfbæriskýrslu árlega



## Aðgerðaráætlun í umhverfis- og loftslagsmálum

### Matar- og drykkjarsóun

- Mælum matarsóun hjá veitingastaðnum og Vínstofunni í lok dags
- Mælum drykkjarsóun hjá veitingastaðnum og Vínstofunni í lok dags
- Halda matar- og drykkjarseðlum einföldum á veitingastaðnum og Vínstofunni
- Lífrænt rusl er flokkað og komið fyrir í moltugerð hjá viðeigandi úrgangsjónustu

### Úrgangur (endurvinnsla)

- Fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr úrgangsmyndun frá rekstri
- Innleiða hringrásarkerfi í fyrirtækið og innkaupastefnu
- Endurvinnna allan úrgang eftir viðmiðum sveitarfélagsins
  - o Markmið fyrir hvert ár fæst eftir að við vitum tölur á næsta árið fyrir 2023
  - o Markmið um 90% endurvinnsluhlutfall árið 2030
- Við bjóðum upp á flokkunartunnur um allan vinnustaðinn fyrir gesti og starfsfólk
- Við metum 4 sinnum á ári úrgangstölur fyrirtækisins í gegnum hugbúnað Klappir ehf.
- Við höfum það sem reglu að reyna að finna góð og raunhæf not fyrir hlut sem ætti annars að henda.
  - o T.d. höfum við notað tré sem felld hafa verið fyrir ný gróðurhús í innréttingar í núverandi byggingum eða nýbyggingum.
- Við leitum reglulega leiða til þess að gera umbúðir vöruúrvalsins okkar endurvinnsluhæfari með því að draga úr notkun plasts og nota náttúruleg efni sem henta vel í lífrænan úrgang.

- Við leitum ávallt leiða til að endurnýta það sem við teljum að hafi lokið hlutverki sínu. T.a.m. hefur mikið af húsgögnum sem falla til verið notuð sem húsgögn í starfsmannaíbúðir.

### Rafmagnsnotkun

- Nýtum okkur nýjustu tækni að hverju sinni til að draga úr rafmagnsnotkun í gróðurhúsunum. T.d. með því að skipta yfir í rafmagnssparandi Led-perur
- Slökkvum á öllum rafmagnstækjum og ljósum þegar þau eru ekki í notkun
- Notum hreyfiskynjara á öllum mögulegum stöðum

### Vatnsnotkun

- Við miðum að því að finna lausnir þar sem á við til að draga úr vatnsnotkun í gróðurhúsunum sem notað er til upphitunar á þeim.
- Við fyllum ekki á vatnsflöskur í veitingastaðnum að óþörfu til að koma í veg fyrir að hella til spillis vatni.

### Neysla og innkaup

Friðheimar munu útbúa og innleiða nýja vistvæna innkaupastefnu árið 2024 í samræmi við viðmið Vakans. Þangað til munum við:

- Innkaupastefna sem styður við og hjálpar við að ná markmiðum um samdrátt í losun og tryggir að vistvænar vörur séu ávallt fyrsti valkostur
- Forðast allar einnota plastumbúðir
- Ávallt reyna eftir bestu getu að kaupa notaðan hlut frekar en nýjann þar sem á við.
- Ávallt reyna eftir bestu getu að velja hráefni úr nærumhverfi/heimahéraða.
- Leitast er við að kaupa vörur og hráefni framleitt á Íslandi.
- Við veljum alltaf lífrænar og umhverfisvottaða (t.d. Svanurinn eða BREAAAM vottun) umfram aðrar vörur þar sem hægt er.
- Við veljum alltaf siðgæðisvottaðar vörur (Fairtrade) þar sem hægt er.
- Allir eru meðvitaðir um að meiri neysla þýðir meiri losun gróðurhúsalofttegunda og óhófleg notkun auðlinda, sama hvort varan eða þjónustan hafi umhverfisvottun.

### Samgöngur

- Við setjum okkur markmið um að draga úr vinnuferðum bæði á bíl og flugi
- Skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa í bíla og vinnutækjafloata
- Auka og auðvelda fjarfundamöguleika starfsfólks
- Starfsfólk hefur aðgang að hleðslustöð á starfsmannaplani
- Setja upp amk. 4 hleðslustöðvar fyrir gesti
- Byggjum starfsmannahúsnæði í göngufæri við Friðheima til að stuðla að umhverfisvænni samgöngum

### Samfélagið

- Halda/hvetja til að haldið séu amk. 2 viðburðir árlega tileinkaðir umhverfismálum og sjálfbærni í Vínstofu Friðheima

- Við reynum eftir bestu getu að bjóða starfsfólki okkar húsnæði í Reykholti til þess að gera langtímabúsetu meira aðlagandi.
- Við bjóðum upp á reglulega viðburði á Friðheimum og í Vínstofu Friðheima fyrir starfsmenn og nærsamfélagið

### **Annað**

- Starfsfólk er frætt árlega um umhverfismál og skýrt kennslumyndband um sjálfbærnistefnu fyrirtækisins aðgengilegt öllu starfsfólki
- Fækka fjölda hrossa sem ekki eru nauðsynleg í hestasýningar
  - o Markmið um 30% fyrir 2030
- Skoða hvar er hægt að draga úr kælimiðlum (f-gösam) í fyrirtækinu
- Leggja áherslu á að velja grænmetis- og grænkerafæði við gerð rétta á matseðli.
- Gefa út sjálfbærnisráðgjafur árlega
- Bjóða öllum okkar gestum að fræðast um sjálfbærnistefnuna okkar

### **Eftirfylgni**

Friðheimar setja sér markmið um sjálfbærni og umhverfismál út frá þýðingarmestu þáttunum hverju sinni. Sjálfbærnistefna Friðheima er rýnd á ári hverju af gæðastjóra fyrirtækisins þar sem markmið og aðgerðaráætlun eru uppfærð með tilliti til þróunar í heildarlosun á milli ára. Stefnan hefur verið samþykkt af framkvæmdarstjórn og eru skil gerð á árangri bæði á heimasíðu Friðheima og í sjálfbærnisráðgjafur fyrirtækisins.

### **Skuldbindingar Friðheima í sjálfbærni**

- Ábyrg ferðapjónusta
- Vakinn gæða- og umhverfissvottun

### **Ábyrgðaraðilar**

Kristján Geir Gunnarsson, markaðs- og gæðastjóri Friðheima